Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 25. janúar 2018 - R18010087

	Annað:	
R18010239	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kaup á niðurstöðum fyrir Reykjavíkurborg úr þjónustukönnun Gallup.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18010233	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleika í skólastarfi.	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.
R18010232	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á samgöngusamningi milli ríkisins og Reykjavíkurborgar.	Sent til umsagnar umhverfis- skipulagssviðs - samgöngustjóra.
R18010252	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur til að styrkja göngutengsl yfir bústaðarveg.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R15030097	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fá álit borgarlögmanns á hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 samræmist reglum um bensínstöðvar.	Sent borgarlögmanni til umsagnar.
R18010060	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. janúar 2018, varðandi ábendingar um hvernig hægt sé að verjast spillingu í opinberum innkaupum.	Sent borgarfulltrúum og innkaupadeild til kynningar.
R18010320	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. janúar 2018, varðandi ábendingar um innleiðingu grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli og nýjum persónuverndarlög.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og skóla- og frístundaráði til kynningar.
R17090252	Svar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 16. janúar 2018, við mótmælum íbúa við fyrirhugaða uppbyggingu við Furugerði 23.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010240	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjarnardóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kaup á íbúðum sem framleigðar eru til velferðarsviðs	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18010241	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um forgangsakreinar strætó	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18010242	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um íbúðir sem Félagsbústaðir hafa keypt á árinu 2017.	Sent félagsbústöðum til umsagnar.
R18010244	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kaup umhverfisvænna strætisvagna.	Sent Strætó bs. til umsagnar.
R18010243	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um viðbrögð stjórnenda við ábendingum ytri endurskoðunar.	Sent innri endurskoðun og fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R17120168	Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna - 40. mál	Sent nefndasviði alþingis.
R18010235	Erindi sundsambands Íslands, dags. 20. janúar 2018, um upplýsingagátt vegna umræðu um kynferðisofbeldi í íþróttum.	Sent íþrótta- og tómstundasviði og borgarfulltrúum til kynningar.
R18010321	Umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. janúar 2018, um drög að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kaup á niðurstöðum fyrir Reykjavíkurborg úr þjónustukönnun Gallup - R18010239

Lagt er til að Reykjavíkurborg kaupi niðurgreindar niðurstöður fyrir Reykjavík úr árlegri þjónustukönnun Gallup.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleika í skólastarfi - R18010233

Borgarstjórn samþykkir að reykvískum nemendum gefist kostur á að taka 8.-10. bekk grunnskólans á tveimur árum til að stuðla að sveigjanleika í skólastarfi og vali nemenda um námshraða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að útfæra tillöguna í samráði við skólastjórnendur, kennara og námsráðgjafa. Auk þess verði sviðsstjóra falið að hefja viðræður og samráð við menntamálaráðuneytið um tillöguna og hvernig best verði að henni staðið.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun samnings milli ríkisins og Reykjavíkurborgar - R18010232

Borgarstjórn Reykjavíkur felur borgarstjóra að óska eftir endurskoðun á samgöngusamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar með það að markmiði að á samningstímabilinu verði ráðist í stórframkvæmdir í samgöngumálum í Reykjavík með umferðaröryggi og arðbærni að leiðarljósi.

BORGARRÁÐ 18.1.2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur til að styrkja göngutengsl yfir Bústaðarveg - R18010252

Lagt er til að gripið verði til úrbóta í því skyni að styrkja göngutengsl yfir Bústaðaveg og tryggja öruggar gönguleiðir ekki síst í þágu barna og unglinga sem fara daglega yfir götuna vegna skólagöngu og íþróttaæfinga.

BORGARRÁÐ 18.1.2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fá álit borgarlögmanns á hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 samræmist reglum um bensínstöðvar - R15030097

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að borgarráð fái álit borgarlögmanns á því hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti samræmist reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir bensínstöðva. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa frá árinu 2012 óskað eftir lögfræðiáliti um málið. Furðu sætir að slíkt álit skuli ekki enn liggja fyrir sem segir ákveðna sögu um vinnubrögð núverandi borgarstjórnarmeirihluta og áhugaleysi hans á málinu. Í úttekt, sem verkfræðistofan EFLA gerði á umræddri bensínstöð árið 2017 í kjölfar fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, kemur fram að aðstæður þar séu ekki í samræmi við reglur um brunavarnir á bensínstöðvum.

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]
Sent: 16. janúar 2018 13:58
Subject: Ábendingar um hvernig hægt sé að verjast spillingu í opinberum innkaupum

Ágæti viðtakandi

Þess er farið á leit að þessi póstur eða meðf. skjal, verði kynnt fyrir sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, sem og starfsmönnum sem hafa umsjón með innkaupamálum þess.

Með fyrirfram þökk og kveðju
Anna G. Björnsdóttir

Efni: Skýrsla Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á haustfundi 2017
Report CG33(2017)13final, 19. okt. 2017
”Making public procurement transparent at local and regional levels”.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins er pólitískur samstarfsvettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Ísland á þrjá fulltrúa á þinginu sem stjórn sambandsins tilnefnir. Þingið kemur saman tvisvar á ári, að vori og hausti í Evrópuráðshöllinni í Strassborg. Það ályktar um ýmis málefni sem varða sveitarstjórnarstigið, sérstaklega um lýðræðis- og mannréttindamál, og er ályktununum eftir atvikum beint að þingi Evrópuráðsins og ráðherranefnd, svo og að ríkisstjórnum aðildarríkja Evrópuráðsins og sveitar- og svæðisstjórnum innan þeirra.

Á haustþingi 2016 samþykkti þingið vegvísi um aðgerðir til að koma í veg fyrir spillingu og stuðla að góðu siðferði á sveitarstjórnarstigi. Meðal þess sem vegvísirinn kveður á um er gerð skýrslu um hvernig hægt sé auka gegnsæi í opinberum innkaupum. Þingið samþykkti skýrslu um það efni á haustþingi í október 2017.

Í skýrslunni er bent á að stórum hluta opinberra útgjalda sé ráðstafað í gegnum opinber innkaup til einkaaðila og félagasamtaka og það verði að vera á varðbergi gagnvart möguleikum á spillingu í tengslum við þau. Í skýrslunni er varpað ljósi á kerfislæg vandamál í innkaupamálum sveitarfélaga og svæða sem skapi hættu á spillingu, s.s. skortur á sérfræðiþekkingu hjá sveitarfélögum um samningsgerð, „snúningshurðarfyrirbærið[1]“ og skortur á gegnsæi og bent er á raunhæfar aðgerðir til að draga úr hættu á spillingu.

Þingið beinir því til sveitar- og svæðastjórna að skoða og meta mismunandi spillingaráhættu í opinberum innkaupum og til að setja upp innra eftirlit og matsferla. Það hvetur þær til að auka gegnsæi með því birta tölur og upplýsingar um opinber innkaup á öllum stigum til að auka árvekni hins opinbera og til að gera íbúum kleift að fylgjast með hvernig opinberum fjármunum er ráðstafað.

Þingið fer þess á leit við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hún hvetiji ríkisstjórnir og þjóðþing aðildarríkja til að setja innkaupastaðla fyrir opinber yfirvöld og til að kynna rafræn innkaupakerfi sem draga úr möguleikum einstaklinga til að hafa óeðlileg afskipti af innkaupaferlum.

Sambandið hvetur íslenskar sveitarstjórnir, og þá sem bera ábyrgð á og hafa umsjón með innkaupamálum sveitarfélaga, til að kynna sér skýrsluna sem varpar á ljósi á þær hliðar innkaupamála sem krefjast sérstakrar árvekni gagnvart spillingu og misnotkun og bendir á úrræði til að sporna við slíku framferði.

Hér er tengill á skýrsluna

https://rm.coe.int/making-public-procurement-transparent-at-local-and-regional-levels-gov/168074cf72

[1] the „revolving door“ phenomenon: Á við þegar aðili færir sig á milli sviða t.d. frá hinu opinbera til einkaaðila eða öfugt þannig að hætta er á misnotkun á tengslum og þekkingu úr fyrra starfi til hagsbóta fyrir aðila á öðru sviði sem viðkomandi ræður sig til. Dæmi um slíkar aðstæður er þegar starfsmaður sveitarfélags ræður sig til fyrirtækis sem er í samningstengslum við sveitarfélag.

From: Ingibjörg Hinriksdóttir [mailto:ingibjorg.hinriksdottir@samband.is]
Sent: 16. janúar 2018 14:42
To: Ingibjörg Hinriksdóttir
Subject: Innleiðing grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli

Góðan dag,

Meðfylgjandi er bréf Telmu Halldórsdóttur varðandi innleiðingu grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentormáli og nýjum persónuverndarlögum. Er málið brýnt og beinir sambandið þeim tilmælum til allra að kynna sér efni bréfsins vandlega.

Tilgangur bréfsins er að upplýsa um og aðstoða við vinnu sem allir grunnskólar þurfa að takast á hendur vegna innleiðingar á kröfum Persónuverndar í svokölluðu Mentor máli auk þess sem vinnan styður við innleiðingu á væntanlegum breytingum á persónuverndarlögum.

Nánari upplýsingar veitir Telma Halldórsdóttir, telma@samband.is

Kveðja,
Ingibjörg

Ingibjörg Hinriksdóttir
tækni- og upplýsingafulltrúi
Beint innval: 515 4940
Netfang: ingibjorg.hinriksdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Skólastjórnendur grunnskóla
Framkvæmdastjórar sveitarfélaga
Skólanefndir
Fræðslustjórar/skólaskrifstofur
Kennarasambands Íslands

Reykjavík 16. janúar 2018

1605080SA TH
Málalykill: 01.86

Efni: Innleiðing grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli og nýjum persónuverndarlögum

Tilgangur bréfs þessa er að upplýsa um og aðstoða við vinnu sem allir grunnskólar þurfa að takast á hendur vegna innleiðingar á kröfum Persónuverndar í svonefndu Mentor máli auk þess sem vinnan styður við innleiðingu á væntanlegum breytingum á persónuverndarlögum.

1. Bakgrunnur – Mentor málið

Frumkvæðisúttekt Persónuverndar á vinnslu persónuupplýsinga og öryggi þeirra í vefkerfinu Mentor leiddi til álits sbr. mál nr. 2015/1203 frá 22. september 2015 (hér eftir nefnt Mentor mál) þar sem ríkar kröfur voru gerðar til breytinga á vinnslu grunnskóla í kerfinu Mentor. Var frumkvæðisúttekt hafin þar sem Persónuvernd hafði borist fjöldi ábendinga sem bentu til þess að víðtækar og viðkvæmar persónuupplýsingar um grunnskólanemendur væru skráðar í Mentor og að ósamræmi væri á milli kennara/grunnskóla við skráningu persónuupplýsinga í kerfið, einkum að því er varðaði dagbókarflipa þess. Persónuvernd tók því málið til skoðunar og komst að þeirri niðurstöðu að notkun fimm grunnskóla, sem teknir voru til skoðunar, á kerfinu Mentor væri ekki í samræmi við kröfur laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Var þeim tilmælum beint til grunnskólanna að skrá ekki viðkvæmar persónuupplýsingar í vefkerfið Mentor, nema útbúið væri sérstakt umhverfi fyrir slíka skráningu sem fullnægði kröfum persónuverndarlaga. Þá bæri grunnskólum að gæta að meðalhófi og sjónarmiðum um sanngjarna skráningu þegar skráning færi fram í vefkerfinu, auk þess sem þeim bæri að gæta að lögmæti þeirra upplýsinga sem skráðar eru m.a. með því að setja sér verklagsreglur, þar sem t.d. er fjallað um hvað megi skrá, hvenær megi skrá (einkum í dagbókarflipa kerfisins), hverjum eigi að birta færslur í dagbók, hvernig skuli huga að fræðslu og hvernig eftirliti með framangreindu skuli háttað. Þá var lagt fyrir ábyrgðaraðila að útbúa öryggisstefnu, áhættumat, öryggisráðstafanir og lýsingu á fyrirkomulagi innra eftirlits. Var að lokum gerð krafa um að grunnskólar semji við vinnsluaðila í samræmi við 13. gr. persónuverndarlaga, sem felur m.a. í sér að grunnskólar þurfi að sannreyna hvort vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit áður en samið er við hann.

Rétt er að taka skýrt fram að þrátt fyrir að Mentor málið hafi einungis tekið til fimm grunnskóla þá var áréttað í álitinu að: *„Í ljósi framangreinds er það mat Persónuverndar að í ljósi þess að sú vinnsla sem hér um ræðir fer fram hjá nánast öllum grunnskólum*

landsins beri að samræma viðbrögð þeirra við áliti Persónuverndar, einkum að því er varðar þær úrbætur sem stofnunin mælir fyrir um að skuli gerðar, sbr. frekari umfjöllum í 6. kafla álitsins." Verður því að innleiða þessar breytingar inn í alla skóla landsins til þess að þeir uppfylli kröfur persónuverndarlaga.

Þá er jafnframt mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þau skilyrði sem sett eru fyrir vinnslu persónuupplýsinga í Mentor málinu gilda um vinnslu í öllum kerfum sem notuð eru í grunnskólum sama hvort um er að ræða Mentor, Námfús eða önnur kerfi.

2. Fyrri vinnuhópur

Í kjölfar Mentor málsins skipaði Reykjavíkurborg starfshóp um skoðun á skráningum upplýsinga um nemendur grunnskóla í rafræn upplýsingakerfi í nóvember 2015.

Lagði starfshópurinn til eftirfarandi samantekt og drög að ferli til að bregðast við Mentor máli við lok árs 2016:

1. Vinnsluaðilum verði sent bréf í þeim tilgangi að sannreyna að vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit.
2. Komi í ljós að vinnsluaðili uppfylli kröfur ábyrgðaraðila verður gerður vinnslusamningur við vinnsluaðila.
3. Gefnar verða út leiðbeiningar til grunnskóla um notkun rafrænna upplýsingakerfa sem er ætlað að vera grunnskólum til aðstoðar við undirbúning að setningu eigin leiðbeininga.
4. Ráðinn verði sérfræðingur í upplýsingaöryggi og áhættumati til að skrifa öryggishandbók vegna notkunar grunnskólanna á rafrænum upplýsingakerfum og til að aðstoða við setningu upplýsingaöryggisstefnu.
5. Í kjölfar vinnu sérfræðings fari fram endurskoðun á leiðbeiningum skv. lið 3.
6. Hafinn verði nú þegar undirbúningur að breytingum er verða í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf.

Voru leiðbeiningarnar sem tilteknar eru í lið 3 ásamt fylgiskjölum sendar öllum sveitarfélögum, framkvæmdastjórum, fræðsluskrifstofum, Persónuvernd og ráðuneyti menntamála í desember 2016. Var það gert í þeim tilgangi að grunnskólar gætu samræmt vinnubrögð og viðbrögð við áliti Persónuverndar í Mentor málinu.

Voru vinnsluaðilum jafnframt sent bréf í samræmi við lið 1 en fullnægjandi svör bárust hins vegar ekki frá vinnsluaðilum meðan á vinnu nefndar stóð.

Í skilabréfi sínu benti starfshópurinn á að ekki væri unnt að ljúka verkefni hans farsællega nema með aðkomu sérfræðings á sviði upplýsingaöryggis og áhættumats sem kæmi að því að skrifa öryggishandbók fyrir grunnskólana um notkun á rafrænum upplýsingakerfum og til að aðstoða við setningu upplýsingaöryggisstefnu, sbr. lið 4 og 6 í tillögum starfshóps.

3. Seinni starfshópur og ráðning öryggissérfræðings

Þar sem ljóst var að gríðarlega flókið og kostnaðarsamt væri fyrir alla grunnskóla landsins að uppfylla kröfu í lið 4 fór starfsópurinn þess á leit að Samband íslenskra sveitarfélaga myndi tryggja fjármagn til verksins. Sótti sambandið í þessum tilgangi um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að ráða sérfræðing í að klára að bregðast við lið 4 með því að útbúa öryggisstefnu og öryggishandbók fyrir grunnskólana ásamt áhættumati til að uppfylla skilyrði í Mentor máli og styðja við innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum. Annar starfshópur var skipaður til að stýra þeirri vinnu og sitja í honum fulltrúum sambandsins og Reykjavíkurborgar. Var starfshópnum ætlað að stýra innleiðingu á liðum 4 og 6 auk þess að ljúka við vinnu varðandi liði 1-2 í tillögum fyrri vinnuhóps.

Í millitíðinni lét Reykjavíkurborg framkvæma úttekt á vinnsluaðilunum Mentor og Námfús í þeim tilgangi að sannreyna „hvort vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit áður en samið er við hann". Á grundvelli þeirrar vinnu hófust langar samningaviðræður við vinnsluaðila í samræmi við lið 2 í tillögum fyrri starfshóps og hafa nýir vinnslusamningar verið undirritaðir fyrir skólana í Mentor máli. Þurfa sambærilegir samningar að vera gerðir við alla grunnskóla landsins með tilvísun í úttekt þá sem Reykjavíkurborg hefur framkvæmt.

Jöfnunarsjóður samþykkti styrkveitingu til að útbúa öryggisstefnu og öryggishandbók fyrir grunnskóla í september 2017 og réð starfshópurinn Marinó G. Njálsson í verkefnið, á grundvelli sérfræðiþekkingar hans, sem hófst þegar handa.

4. Innleiðing hjá skólunum 5 í Mentor máli hvað varðar öryggisstefnu og öryggishandbók

Eftirfarandi skjöl hafa verið send Persónuvernd varðandi skólana fimm í Menor máli:

- Öryggisstefna, samþykkt og undirrituð af skólastjóra og yfirmanni skólastjóra hvort sem um er að ræða fræðslustjóra eða bæjarstjóra.
- Skólarnir hafa framkvæmt hjá sér áhættumat vegna upplýsinga nemendaskrár, sem nær m.a. yfir upplýsingar í Mentor, en um er að ræða sjálfsmatsskjal ásamt leiðbeiningum.
- Áhættumatsskýrsla hefur verið útbúin.

Þau skjöl sem eru í vinnslu, eða á eftir að vinna, eru eftirfarandi:

- Reglubók með öryggisreglum. Stefnt er að því að hún verði tilbúin í janúarmánuði. Út úr henni verður útbúin styttri útgáfa fyrir starfsmenn skólans.
- Nothæfisyfirlýsing (e. Statement of applicability) sem tengir uppruna krafna við greinar reglubókar.
- Verklagsreglur í samræmi við kröfur í reglubókinni. Stefnt er á að þær fyrstu verði tilbúnar á næstu dögum.

5. Innleiðing öryggisstefnu og öryggishandbókar hjá öðrum grunnskólum

Framundan er innleiðing í aðra grunnskóla á landinu enda skýrt að ráðast verður í þá vinnu vegna Mentor máls. Er sú vinna hafin undir stjórn Marinós G. Njálssonar. Ferill við innleiðingu:

1. Ákveðið er hvaða skólar verði saman í hverri vinnulotu í samstarfi við SÍ og svæðisfélög þess.
2. Haldinn er kynningarfundur með þessum skólum og Marinó þar sem farið er yfir skjöl í málinu, einkum sjálfsmat vegna áhættumats. Æskilegt er að einhver sem vinnur að staðaldri í Mentor sitji fundinn ásamt skjólastjórnendum.
3. Hver og einn grunnskóli undirritar öryggisstefnu en fyrirmynd hennar er tilbúin. Jafnframt þarf hann að svara spurningum í. sjálfsmati sem liggur til grundvallar áhættumati.
4. Marinó fer yfir svör hvers skóla og verður í samskiptum eftir því sem þörf er á og lýkur gerð áhættumatsskýrslu fyrir hvern og einn skóla.
5. Öryggishandbók/reglubók afhent skóla ásamt nothæfisyfirlýsingu og verklagsreglum.
6. Hver og einn skóli gerir áætlun um og innleiðir reglubók ásamt nothæfisyfirlýsingu og tryggir fræðslu til starfsfólks, nemenda og foreldra.

Öll skjöl sem unnin hafa verið við framangreint ferli hafa verið greidd með framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem veitti styrk upp á kr. 5.000.000 auk þess sem sambandið og Reykjavíkurborg hafa lagt til mikla vinnu. Styrkurinn dugar hins vegar ekki til þess að ljúka innleiðingu í alla grunnskóla landsins, sem eru um 170talsins. Hver og einn grunnskóli þarf því að greiða sem nemur 5 klukkustunda vinnu við innleiðingu og leiðsögn u.þ.b. 100 þúsund með vsk.

Innleiðing hefst í skólum í Reykjavík, þar sem vinnan hefur þegar verið kynnt og Reykjavíkurborg samþykkt að greiða innleiðingarkostnaðinn fyrir sína skóla. Mun vinna borgarinnar og reynsla af henni nýtast öðrum sveitarfélögum.

Allir grunnskólar eða sveitarfélög, fyrir utan Reykjavíkurborg, þurfa að senda sambandinu staðfestingu um þátttöku í verkefninu, og skuldbinda sig þar með til greiðslu fyrir fimm klukkustunda vinnu við innleiðinguna. . Mikilvægt er að grunnskólar/sveitarfélög tilkynni sem fyrst um þátttöku á netfangið thordur.kristjansson@samband.is

Ákvörðun um hvaða skólar vinna saman í hverri lotu, og í hvaða röð, verður tekin í samráði við KÍ og svæðafélög þess.

6. Framhaldið

Rétt er að taka fram að þegar innleiðingu breytts vinnulags vegna álits Persónuverndar í Mentor málinu er lokið þá tekur við mikil vinna hjá skólastjórnendum við að kynna nýjar reglur; öryggishandbók, verklagsreglur ofl. ásamt persónuverndarsjónarmiðum, innan sinna grunnskóla, en ný lög um persónuvernd munu gera ráð fyrir mjög ríkri ábyrgð á fræðslu til starfsmanna um reglurnar. Er mikilvægt að grunnskólar sameinist

um þessa vinnu til að gera hana sem skilvirkasta og tryggja eins mikinn vinnusparnað og hægt er.

7. Að lokum

Sambandið leggur afar ríka áherslu á að sveitarstjórnir veiti skólastjórnendum mikinn og góðan stuðning við verkið enda er það umfangsmikið og krefst mikils tíma frá skólastjórnendum. Skiptir hér líka máli að önnur vinna vegna innleiðingar nýrra persónuverndarlaga getur komið til hjá grunnskólunum og ljóst að um aukið vinnuálag er að ræða. Bendir sambandið á í því samhengi að allir skólar verða t.a.m. að hafa tengilið við persónuverndarfulltrúa sveitarfélags eða svonefndan tilsjónarmann persónuverndar.

Fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur þá bendir sambandið á eftirfarandi tengla[1]:

Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi Málþing 9. nóvember 2017

Persónuverndardagur Sambands íslenskra sveitarfélaga 1. desember 2017

Hvað þýða nýjar persónuverndarreglur fyrir sveitarfélögin? Leiðbeiningar

Skólastarf og persónuupplýsingar

Álit Persónuverndar um vinnslu og öryggi persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Telma Halldórsdóttir
lögfræðingur

Samrit:
Persónuvernd

[1] Hægt er að opna tengla með því að hægri smella á þá og velja „open hyperlink“ í skjalinu.

Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 16. janúar 2018
R17090252
1222

Íbúar við Furugerði og Espigerði
Lára Áslaug Sverrisdóttir
Furugerði 10
108 REYKJAVÍK

Vegna mótmæla við fyrirhugaða uppbyggingu við Furugerði 23.

Borgarráð hefur vísað erindi íbúa við Furugerði og Espigerði dags. 21. desember sl., vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi lóðarinnar Furugerði 23, til meðferðar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Lóðin Furugerði 23 hefur verið nýtt sem gróðrarstöð. Með auglýstu aðalskipulagi 2010-2030 kemur hins vegar fram að gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að lóðin verði nýtt sem íbúðarhúsalóð. Fyrirhugaðar breytingar eru þess vegna í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi er umbeðið samkomulag milli lóðarhafa og Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði þann 30. nóvember 2017. Vakin er athygli á því að samkomulagið er gert með öllum fyrirvörum um að deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt. Í þeim verkferlum sem lögboðnir eru um gerð deiliskipulags fá íbúar tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum varðandi uppbyggingu á lóðinni. Samkomulag það sem gengið var frá hefur engin áhrif á þá verkferla. Heldur tengist það eingöngu áætlunum um innviðauppbyggingu og mögulega félagslega blöndun borgarinnar komi til þess að nýtt deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt.

Virðingarfyllst

Hrólfur Jónsson,
skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar

Afrit:
Borgarráð
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 30. nóvember 2017
R17090252
1222
HBL/bþ

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Furugerði 23 og Espigerði - samkomulag um fyrirhugaða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis

Á fundi borgarráðs þann 30. nóvember 2017 var lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 29. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóð nr. 23 við Furugerði og lóð við Espigerði. Einnig er óskað eftir því að borgarráð samþykki að hafna forkaupsrétti í fasteignirnar.

Borgarráð samþykkti erindið.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 29. nóvember 2017
R17090252
1222

Borgarráð

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum Furugerði 23, landnr. 107818 og Espigerði, landnr. 107819. Einnig er óskað eftir að borgarráð samþykki að hafna forkaupsrétti í fasteignirnar ásamt lóðarréttindum að Furugerði 23 og Espigerði í Reykjavík.

Greinargerð:

Lóðarhafi og EA11 ehf. hafa hug á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á lóðunum Furugerði 23 landnr. 107818 og Espigerði, landnr. 107819, í Reykjavík. Lóðirnar eru samtals 3.985 fermetrar að stærð. Gildandi lóðarleigusamningur fyrir lóðirnar heimilar byggingu gróðurhúss, vinnuskýlis og íbúðarhúsnæðis. Þann 1. nóvember sl. var lögð fram fyrirspurn fyrir umhverfis- og skipulagsráð um uppbyggingu á lóðunum og að afnumin verði kvöð um að taka megi hluta lóðar undir götu, umhverfis- og skipulagsráð tók jákvætt í að unnið verði nýtt deiliskipulag á lóðunum í samráði við embætti skipulagsfulltrúa.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykkt um samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum vegna þéttingar byggðar, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 27. nóvember 2014. Fyrirliggjandi samkomulag hefur verið gert við lóðahafa á grundvelli þessarar samþykktar borgarráðs. Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag.

Samkvæmt lóðarleigusamningi fyrir lóðirnar Furugerði 23 og Espigerði, dags. 24. janúar 1980, á borgarstjórn forkaupsrétt vilji leigutaki selja leigurétt sinn á lóðunum. Lagahvoll lögmannsstofa hefur f.h. seljenda boðið Reykjavíkurborg að neyta forkaupsréttar vegna sölu á fasteigninni Furugerði 23 og Espigerði samkvæmt kaupsamningi um fasteignina að Furugerði 23, 108 Reykjavík, dags. 28. nóvember 2017. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að falla frá forkaupsrétti að fasteigninni ásamt lóðarréttindum í þetta sinn.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Furugerði 23, landnr. 107818 og lóð við Espigerði, landnr. 107819, í Reykjavík, dags. 27. nóvember 2017.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík, Hafsteinn Bao Duong, kt. 191062-2139, Furugerði 23, 108 Reykjavík, hér eftir nefndur lóðarhafi og EA11 ehf., kt. 640517-0850, Skólavörðustíg 12, væntanlegur framsalshafi lóðarréttinda, gera með sér eftirfarandi:

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Furugerði 23, landnr. 107818 og lóð við Espigerði, landnr. 107819, í Reykjavík.

1. gr. Inngangur

Lóðarhafi og EA11 ehf. hafa hug á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á lóðinni Furugerði 23, landnr. 107818 og lóð við Espigerði, landnr. 107819, í Reykjavík. Afmörkun lóðanna er sýnd á fylgiskjali nr. 1. Af því tilefni gera lóðarhafi, EA11 ehf. og Reykjavíkurborg með sér þetta samkomulag.

Á lóðinni Furugerði 23 stendur í dag gróðurhús og íbúðarhúsnæði en stefnt er að því að á lóðunum verði byggð fjölbýlishús. Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn o.fl. er háð sérstöku samþykki borgaryfirvalda og Skipulagsstofnunar á nýju deiliskipulagi, sem tekur gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykkt um samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 27. nóvember 2014.

2. gr. Deiliskipulagsgerð og lóðarleigusamningur

Lóðarhafi hefur kynnt fyrir umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hugmyndir um breytingar á deiliskipulagi því sem lóðir þessar falla undir.

Ekki liggur fyrir hversu mikið byggingarmagn verði heimilað á umræddum lóðum með nýju deiliskipulagi. Verði nýtt deiliskipulag samþykkt af borgaryfirvöldum og staðfest með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda verða útgefnir nýir lóðarleigusamningar í samræmi við hið nýja deiliskipulag, fyrir lóðirnar Furugerði 23, landnr. 107818, og lóð við Espigerði með landnr. 107819, þegar greiðslur skv. 3. og 4. gr. hafa verið greiddar.

3. gr. Byggingarréttur - innviðagreiðsla

Komi til breyttrar nýtingar og aukins byggingarréttar á lóðunum Furugerði 23 og Espigerði skuldbindur lóðahafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar greiðslu að fjárhæð 49.290.000 kr. vegna hlutdeildar í innviðakostnaði, í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar og breyttrar hagnýtingar lóðarinnar. Framselji lóðarhafi lóðarréttindi samkvæmt samkomulagi þessu til EA11 ehf., kt. 640517-0850, skv. heimild í 8. gr. samkomulags þessa, skuldbindur EA11 ehf. til þess að standa skil á fyrrnefndri greiðslu að fjárhæð 49.290.000 kr, skrifað *fjörtíuogníumilljónirtvöhundruðognítíuþúsund krónur.*

Greiðslan miðast við að samþykkt verði 3.286 fermetrar, ofanjarðar, í deiliskipulagi fyrir lóðina. Greitt er 15.000 kr. fyrir hvern samþykktan fermeter ofanjarðar í deiliskipulagi. Framangreind fjárhæð er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar sem gildir í nóvember 2017, sem er 135,8. Hún skal framreiknuð miðað við þróun vísitölunnar til gjalddaga. Verði samþykkt minna byggingarmagn ofanjarðar lækkar greiðslan í hlutfalli, en verður

þó aldrei lægri en 39.290.000 kr. Að sama skapi hækkar greiðslan í hlutfalli við aukið byggingarmagn, verið samþykkt meira byggingarmagn en sem nemur 3.286 fermetrum ofanjarðar.

Gjalddagi greiðslunnar er við samþykkt byggingarnefndarteikninga hjá embætti byggingarfulltrúa og skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr. Sala á einni íbúð til Reykjavíkurborgar

Auk framangreinds skuldbindur lóðarhafi sig til þess að selja Reykjavíkurborg, með kaupsamningi, eina íbúð í Furugerði 23, birt flatarmál 65 m² að stærð auk geymslu sem er 5 m² að stærð. Framselji lóðarhafi lóðarréttindi samkvæmt samkomulagi þessu til EA11 ehf., kt. 640517-0850, skuldbindur EA11 ehf. til þess að selja Reykjavíkurborg, með kaupsamningi, eina íbúð í Furugerði 23, birt flatarmál 65 m² að stærð auk geymslu sem er 5 m² að stærð.

Söluverð íbúðarinnar er ákveðið 39.290.000 kr., skrifað *þrjátíuogníumilljónirtvöhundruðognítíuþúsund krónur*. Söluverð íbúðarinnar er fast og breytist ekki, þó að verðlag taki breytingum fram að gjalddaga.

Ekki er gert ráð fyrir að bílastæði í kjallara fylgi íbúð þessari. Íbúðin skal afhent tilbúin, en án gólfefna. Innréttingar og frágangur íbúðar skal vera sambærilegur við aðrar íbúðir í húsinu. Sameign, hús að utan og lóð, skal vera fullfrágengin.

Aðilar samkomulagsins skulu fyrir samþykki byggingarnefndarteikninga, koma sér saman um hvaða íbúð samkvæmt byggingarnefndarteikningum skuli afhent Reykjavíkurborg. Ganga skal frá kaupsamningi íbúðarinnar fyrir samþykkt byggingarnefndarteikninga. Heimilt er að skuldajafna greiðslu samkvæmt 3. gr. á móti verði íbúðar samkvæmt 4. gr. Reykjavíkurborg áformar að framselja íbúðina til Félagsbústaða hf.

5. gr. Kaupréttur Félagsbústaða hf. og leiguíbúðir

Í samræmi við áðurnefnd samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkir lóðarhafi og EA11 ehf., að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á 5% íbúða í fasteignum á lóðunum samkvæmt nánara samkomulagi. Þá skulu a.m.k. 10% íbúða í fasteignum á lóðunum vera leiguíbúðir. Vegna þessa skal útbúin sérstök yfirlýsing sem þinglýst verður sem kvöð á lóðirnar. Jafnframt skal skrá kvöð þessa á viðkomandi íbúðir í eignaskiptayfirlýsingu fasteigna á lóðunum.

6. gr. Gjalddagi gatnagerðargjalda

Gjalddagi gatnagerðargjalds fyrir Furugerði 23, landnr. 107818 og Espigerði, landnr. 107819 er við samþykkt byggingarnefndarteikninga hjá embætti byggingarfulltrúa og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Gatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

7. gr. Kvaðir

Lóðarhafa er kunnugt um kvaðir á lóðunum skv. gildandi lóðablöðum.

8. gr. Framsal

Lóðarhafa er heimilt að framselja lóðaréttindi skv. samkomulagi þessu til EA11 ehf., kt. 640517-0850. Framselji lóðarhafi lóðarréttindi samkvæmt samkomulagi þessu til EA11 ehf., kt. 640517-0850, skuldbindur EA11 ehf. til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt samkomulagi þessu og að hlýta að öðru leyti ákvæðum samkomulagsins.

9. gr. Uppsögn

Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan tveggja ára frá undirritun samkomulags þessa er hvorum aðila um sig heimilt einhliða að segja því upp með þriggja mánaða fyrirvara.

10. gr. Gildandi lög, varnarþing o.fl.

Um samkomulag þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur vegna samkomulags þessa skulu þau rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Breytingar verða ekki gerðar á samkomulagi þessu nema með skriflegum hætti og skulu allar breytingar samþykktar af báðum aðilum.

Samkomulag þetta er gert í þremur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern aðila.
Aðilar skulu setja upphafsstafi sína á allar síður þessa samkomulags.

Til staðfestingar á öllu framangreindu, rita aðilar undir samkomulag þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Til staðfestingar á öllu framangreindu, rita aðilar undir samkomulag þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 22. nóvember 2017

F.h. Reykjavíkurborgar
Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs

Hafsteinn Bao Duong

F.h. EA11 ehf.

F.h. EA11 ehf.

Vitundarvottar að réttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:

kt. 300988-2299

kt. 270774-5049

1. Furugerði 23 og Espigerði, lóðaruppdráttur dags. 15.3.1977

1.807.4

Fyrst útgefið 2.1.1973 Síðasta breyting 15.3.1977. Síðasta afh. mannvirkja í desember 1973.

Mæliblað 1.807.4

Reykjavík 1:500

Útprentun þarf ekki að vera í uppgefnum kvarða.

Nr.	X-hnit	Y-hnit
104	19818.204	15528.437
105	19826.391	15499.419
122	19894.342	15549.915
127	19823.502	15498.612
132	19716.036	15513.166
133	19717.223	15516.053
134	19733.295	15520.587
135	19742.291	15520.007
137	19746.277	15500.352
139	19736.861	15539.255
141	19806.493	15558.898
144	19705.657	15557.053
146	19721.729	15561.587
169	19721.080	15502.383
170	19756.979	15481.363
201	19736.688	15508.557
202	19720.616	15504.023
223	19902.591	15522.375
271	19751.852	15480.589



Borgarráð
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
Borgartúni 10 – 12
105 Reykjavík

Málnr. 17090252
Skjalasafn Ráðhúss
29. des. 2017
Bréfalykill: 1222

Reykjavík 21. desember 2017.

Varðar mótmæli íbúa við fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, 108 Reykjavík.

Með frétt í Morgunblaðinu 9. desember síðastliðinn var greint frá því að borgarráð hefði samþykkt samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðum við Furugerði 23 sem einnig liggja að Espigerði, Reykjavík. Af þessu tilefni var myndaður aðgerðarhópur íbúa á svæðinu og var hópnum falið að kanna hver væru áform borgaryfirvalda, afla gagna og gæta hagsmuna íbúa ef þess gerðist þörf.

Íbúar hafa nú fengið í hendur skipulagskynningu Arkís arkitekta ehf. vegna svæðisins frá 20. september 2017 og álit skipulagsfulltrúa Reykjavíkur frá 30. október 2017 við fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. um uppbyggingu á lóðinni. Íbúar mótmæla harðlega þeim byggingaframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á lóðunum samkvæmt þessum gögnum og boðuðum breytingum á deiliskipulagi í þá veru.

Fyrirhugaðar byggingar loka algerlega fyrir útsýni, takmarka verulega birtu og auka mjög skuggavarp til þeirra húsa og garða sem næst eru svo sem Furugerði 15 – 17, Furugerði 19 – 21, Espigerði 18 – 20, Espigerði 14 – 16 og hugsanlega fleiri húsa. Gert er ráð fyrir að sá hluti hinna nýju bygginga sem snúa á að framangreindum húsum sé að hluta til á þremur hæðum. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umtalsverð rýrnum verður á lífsgæðum íbúa þessara húsa þar sem dagsbirta og sólarljós hverfa eða minnka mikið. Einnig mun fasteignaverð rýrna enda eru dimmar íbúðir með dimmum görðum, sem mjög hefur verið þrengt að, ekki góð söluvara. Íbúar áskilja sér allan rétt til bóta í þessu sambandi og benda á 51. gr. og 51. gr. a. skipulagslaga nr. 123/2010 því til stuðnings.

Hér skipta einnig máli réttmætar væntingar íbúa til nærumhverfis síns en sjónarmið þar að lútandi eru viðurkennd í skipulagsrétti. Má í þessu sambandi vísa til úrskurðar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í máli nr. 98/2008 frá 18. nóvember 2010 þar sem kemur fram að borgarar verði að geta treyst því að ekki sé ráðist í breytingar á deiliskipulagi nema lögmætar ástæður búi að baki. Slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á grenndarhagsmuni þeirra íbúa er búa næst því svæði er breytingin tekur til.

Bæði Furugerði og Espigerði eru lokaðar íbúðargötur. Furugerði er afar þröng gata, raunar svo þröng að aðeins er rými fyrir örmjóa gangstétt öðrum megin götunnar, hinum megin eru bílastæði. Íbúar götunnar eru margir, bílastæði fá og þar er viðvarandi bílastæðaskortur. Merkt bílastæði eru undantekningarlaust upptekin (enda í eigu tiltekinna íbúða) og bílum er að auki jafnan lagt þétt meðfram hinni mjóu gangstétt. Af þessum ástæðum er aðgengi erfitt. Sökum

hinna miklu þrengsla í götunni er slysahætta töluverð enda sjá hvorki gangandi, hjólandi né akandi vegfarendur hvort og þá hvar önnur umferð er í götunni. Minnt skal á að meðal þeirra sem erindi eiga um götuna eru skólabörn á leið í skóla.

Jafnvel þó að gert sé ráð fyrir einu bílastæði á íbúð í bílakjallara sem byggja á undir hinum nýju fjölbýlishúsum er ekki óalgengnt að fleiri en einn bíll tilheyri hverri fjölskyldu. Þá fylgir vitaskuld umferð annarra en íbúa, svo sem gesta. Eykur þetta líkurnar á að óviðkomandi leggi í bílastæði sem eru eign íbúa í núverandi húsum. Þá má benda á að Furugerði 1, sem er 8 hæða fjölbýlishús í útleigu frá Félagsbústöðum fyrir aldraða, fylgja aðeins örfá bílastæði. Gestir sem þangað koma leggja því iðulega í götunni og auka enn þrengslin.

Að mati íbúa eru engar forsendur til að auka stórlega umferð um göturnar svo sem óhjákvæmilega leiðir af fyrirliggjandi tillögu um byggingu 35 íbúða. Slíkt myndi hafa í för með sér aukna slysahættu, enn aukin þrengsli, gríðarlegan bílastæðaskort, aukinn hávaða og enn aukna mengun. Í þessu sambandi verður að geta þess að sú umferðargata sem helst er farin til að komast að Espigerði og Furugerði er Grensásvegur. Grensásvegur hefur nýlega verið þrengdur umtalsvert með þeim afleiðingum að þar myndast umferðarteppur á álagstímum sem aftur hefur þau áhrif að mengun á svæðinu er meiri en áður.

Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að á lóðunum sé möguleiki til lítilsháttar þéttingar á íbúðarbyggð (4 – 6 íbúðir) en við þær aðstæður sem uppi eru verður að telja að sá fjöldi íbúða sé algert hámark. Ekki liggur fyrir hvaða lögmætu ástæður eða breyttu forsendur búa að baki þeirri miklu uppbyggingu sem áformuð er á þeim lóðum sem hér um ræðir en meðal annars er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall verði aukið um 83%. Að mati íbúa Espigerðis og Furugerðis ganga allar framangreindar röksemdir framar samþykkt borgarráðs frá 2014 um þéttingu byggðar.

Loks telja íbúar að fyrirliggjandi tillögur séu í andstöðu við sterkan byggingarstíl hverfisins bæði að því er varðar útlit og efni og því um að ræða skipulagsslys í því samhengi.

Með vísan til þess er greinir hér að framan krefjast íbúar þess að fallið verði frá fyrirliggjandi áformum um framkvæmdir á nefndum lóðum og breytingum á deiliskipulagi. Verði af framkvæmdunum er ljóst að það verður í trássi við vilja íbúa og í algerri andstöðu við íbúalýðræði.

Íbúar munu leita allra tiltækra úrræða til að sýna andstöðu sína við fyrirhugaðar framkvæmdir. Sérstaklega er bent á heimild í 5. gr. laga um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða og/eða frestun réttaráhrifa.

Þess er krafist að íbúum verði haldið bréflega upplýstum um málsmeðferð Reykjavíkurborgar í málinu, þ.m.t. allar ákvarðanir sem teknar verða.

Tengiliður íbúa við borgaryfirvöld er Lára Áslaug Sverrisdóttir, Furugerði 10, 108 Reykjavík.

Óskað er eftirtalinna gagna:

1. Samþykkt borgarráðs.
2. Samkomulag Reykjavíkurborgar og lóðarhafa.

Íbúar við Furugerði og Espigerði

(sjá meðfylgjandi undirskriftarlista)

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

Nafn	Kennitala	Heimilisfang
Ólafur Sveinsson	051165-3499	Espigerði 14
Sigríður M. Ómólfs	080156-4139	Espigerði 14
Þorkell Hróar	2807-2669	— " —
Tom Sverrir	030732-7669	— " —
Þórunn Ragnós Edvald	150259-7589	— " —
Jan Jónsson	101254-4529	— " —
Guðný Guðmundsdóttir	251060-6309	— " —
[illegible]	240955-5749	— " —
Helga Helgadóttir	030347-3159	Furugerði 12
Kristín Zimsen	1501427769	— " —
Sóley Sveinsdóttir	010764-2629	Furugerði 10
Jón Höskuldsson	031056-2449	— " —
[illegible]	230455-5529	Furugerði 4
Sigríður Ragnarsdóttir	240865-2249	— " —
Ólafur Ólafsson	030164-3699	Furugerði 8
Jóhanna Bjarnadóttir	020177-5199	Furugerði 8

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

Nafn	Kennitala	Heimilisfang
Ólöf Jóhannsd.	210949-2089	Furugerði 17
MARGRÉT Einars	301152-1859	— " —
Guðmundur Einarsson	180754-4739	Goðaland 11
Valgerður M. Bjarnadóttir	090756-7969	Goðaland 11
Þuríður Vigfús-	150551-2859	Furugerði 17
Ólafur Ármann	280681-3339	— " —
Sigurður Óskar Sigmarsson	310781-5929	Furugerði 17
Stefán H. Þrastarson	160447-3409	Furugerði 2, íbúð 17
Tara Lind Jónsdóttir	120686-2249	Furugerði 17

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

Nafn	Kennitala	Heimilisfang
Hallvig Andrésd.	230666-3859	Furugerði 21, Rvk
Einar Sigurmundsson	220768-5389	Furugerði 21, Rvk
Arni Arnórsson	041185-2529	Furugerði 21, Rvk
Inga Lára Oddóttir	060379-5409	Furugerði 21, Rvk
Björn Arnarson	21.06.54-5349	Furugerði 21 Rvk
Einar B. Haukssón	060183-3689	Furugerði 21 RVK
Jóhanna Guðmundsd.	020282-7119	Furugerði 21, RVK
Björgvin F. Jóhannes	300577-3269	Furugerði 21 Rvk
[redacted]		
Kristín Terrazas	150175-5349	Furugerði 21 Rvk
[illegible]ún Ólafsdóttir	170791-2829	Furugerði 21, Rvk
[illegible]	160988 3479	— " —
BERGLIND RUT T.	020692-2869	Furugerði

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

Nafn	Kennitala	Heimilisfang
[illegible]	300552447?	Furugerði 15.
Þórdís Sigtr. d.	191054-3189	Furugerði 15
Karólína Þórunn d.	151246-4519	Furugerði 15
Sveinn Sveinsson	201237-7699	Furugerði 15
Bryndís Valsd.	2301646819	Furugerði 15
Snædís Logadóttir	110898-2239	Furugerði 15
Fanny [illegible]	210445-2269	"
Dóri Maríusson	230839-3959	"
HILDUR ÖSK SIGURÐARD	081091-2189	FURUGERÐI 15

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

Nafn	Kennitala	Heimilisfang
Íris Davíðsdóttir	070981-3249	Furugerði 19
Baldvin Eliasson	010277-5749	— " —
Ásdís Magnúsd.	300848-3629	— " —
Snædís Ók Sigurjónsdóttir	290688-4269	— " —
Ívar Örn Erlingsson	020185-2369	— " —
Sigríður Þórðardóttir	240257-2979	— " —
Guðrún Sunna Sigurðardóttir	051259-2709	— " —
Þórveig Steingrímsdóttir	221049-2689	— " —

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Fyrirsprun Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kaup á íbúðum sem framleigðar eru til velferðarsviðs - R18010240

Á síðasti ári heimilaði borgarráð kaup á 33 íbúðum, þ.m.t. gistiheimili, með þeim formerkjum að þær yrðu framleigðar til velferðarsviðs. Þessi kaup voru öll grundvölluð á samþykkt borgarráðs frá 31. ágúst 2017 þar sem skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var falið að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Ég óska eftir að lagðir verði fram leigusamningar Reykjavíkurborgar og velferðarsviðs um þær íbúðir/húsnæðisúrræði sem keypt voru á árinu 2017. Þá er óskað eftir upplýsingum um hvort að leiguverð sé ákvarðað með sama hætti á milli aðila (velferðarsviðs og skjólstæðings) eins og þegar um er að ræða samninga Félagsbústaða við skjólstæðinga velferðarsviðs og hvort að úthlutun íbúðanna fari fram á grundvelli reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík sem upphaflega voru samþykktar á fundi félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs í febrúar 2014. Þá óskast upplýst um skiptingu viðhalds- og framkvæmdakostnaðar á milli leigusala og leigutaka. Í síðasta lagi þá er það svo að eignirnar eru keyptar með þeim formerkjum að um tímabundna aðgerð sé að ræða og þá óska ég eftir skriflegri afstöðu borgarstjóra um hversu lengi hann telji að eignarhaldið muni vara.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Fyrirsprun Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um forgangsakreinar strætó - R18010241

Óskað er eftir að tekið verði saman yfirlit yfir hvaða forgangsakreinar strætó hafi verið gerðar á þessu kjörtímabili og því síðasta 2010-2014. Þá skal einnig tekið fram í yfirlitinu heildstætt hverjar forgangsakreinar strætó eru innan Reykjavíkur og hvar og hvenær þær voru teknar í notkun.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um íbúðir sem Félagsbústaðir hafa keypt á árinu 2017 - R18010242

Í grunnlýsingu vegna skuldabréfaútboðs Félagsbústaða sem birt var 5. janúar 2018, segir að félagið hafi keypt á árinu 2017 58 íbúðir og hafi samið um kaup á yfir 100 íbúðum sem afhentar verða á árinu 2018-2020. Þá er talið upp að íbúðum og búsetuúrræðum hafi fjölgað um 232 íbúðir frá 1.1.2013-30.9.2017. Þá er einnig skrifað þar að viðbúið sé að grípa verði til annarra lausna til að stækka safnið. Óskað er eftir yfirliti yfir þær 58 íbúðir sem keyptar voru á árinu 2017, sem og þær 232 íbúðir sem keyptar hafa verið á ofangreindu 5 ára tímabili. Þá er óskað eftir skriflegu svari um til hvaða annarra lausna Félagsbústaðir séu að horfa svo að hægt sé að stækka eignasafnið.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Fyrirsprun Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kaup umhverfisvænna strætisvagna - R18010244

Samkvæmt fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12. desember 2017 er samþykkt að fara í örútboðsferli um kaup á nýjum strætisvögnum í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2018. Óskað er eftir að lögð verði fram staðfesting á hvort að tryggt verði að þeir strætisvagnar sem verða keyptir, séu umhverfisvænir, þ.e.a.s. vetnisvagnar eða rafvagnar, en keyri ekki á bensíni eða dísel.

BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Fyrirsprun Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um viðbrögð stjórnenda við ábendingum ytri endurskoðunar - R18010243

Í fundargerð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar frá 27. nóvember 2017 kemur fram að lögð hafi verið fram svör við fyrirspurn endurskoðunarnefndar um viðbrögð stjórnenda við ábendingum ytri endurskoðanda í tengslum við endurskoðun. Óskast þessi svör afhent borgarfulltrúanum.

Reykjavík, 18. janúar 2018
R17120168
175

Alþingi - nefndasvið

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 40. mál.

Með tölvubréfi, dags. 21. desember 2017, sendi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 40. mál. Frumvarpið er endurflutt, var áður 65. mál á 147. þingi og vísar Reykjavíkurborg nú til þeirra umsagna sem unnar voru við þá meðferð frumvarpsins þ.e. umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurráðs ungmenna og yfirkjörstjórnar Reykjavíkur og óskar eftir því að þær verði lagðar fram að nýju.

Að auki óskar Reykjavíkurborg eftir því að koma að eftirfarandi athugasemd: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo: "Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 16 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu."
Ekki er gert ráð fyrir því að 2. gr. laganna taki breytingum en þar kemur fram að kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr., hefur ekki verið sviptur lögræði og hefur óflekkað mannorð. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt leiðir það því til breyttra kjörgengisskilyrða að auki en ekki er að sjá í greinargerð með frumvarpinu að það hafi verið ætlunin. Er talið að þetta misræmi þarfnist skýringar og ef ætlunin er að breyta kjörgengisskilyrðum að auki, þarfnast frumvarpið bæði lagfæringar og nýs umsagnarferlis.

Jafnframt er góðfúslega bent á að umsagnarbeiðni í málinu virðist hafa verið send til yfirkjörstjórna Reykjavíkurkjördæma norður og suður skv. 13. gr. l. nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis sem kosin er af Alþingi en samkvæmt 14. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna er yfirkjörstjórn Reykjavíkur við sveitarstjórnarkosningar kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Fyrirliggjandi umsögn stafar einmitt frá þeirri yfirkjörstjórn.

F.h. Reykjavíkurborgar

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

From: Hörður J Oddfríðarson [mailto:hordur@iceswim.is]
Sent: 20. janúar 2018 22:31
To: Iceswim
Subject: v/umræðu um kynferðisofbeldi í íþróttum

Vinsamlega framsendið til kjörinna fulltrúa og á embættismenn eftir því sem við á.

Ykkur til upplýsingar.

Sundsamband Íslands hefur opnað Upplýsingagátt á heimasíðu sinni. Við byrjuðum smátt og erum búin að bæta í gáttina. Nú þarf að horfa á hana og benda á ef eitthvað vantar, má betur fara o.s.frv. Hlakka til að fá frá ykkur viðbrögð. Það er öllum velkomið að nýta sér þetta efni og það sem fram kemur í gáttinni, ef það má verða til þess að við getum staðið betur með þolendum ofbeldis.

Hér eru hlekkir á gáttina og á frétt um hana á heimasíðu SSÍ.

http://www.sundsamband.is/utbreidsla/hofum-hatt-/

http://www.sundsamband.is/frettir/frett/2018/01/20/Upplysingagatt-SSI-hefur-verid-opnud/

Kveðja

Hörður J. Oddfríðarson

Formaður SSÍ

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 22. janúar 2018

1712042SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frv. til laga um lögheimili og aðsetur

Vísað er til fréttar á heimasíðu ráðuneytisins, dags. 22. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreind frumvarpsdrög. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög um lögheimili nr. 21/1990 og lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1992.

Almennt um frumvarpið

Markmið lagasetningarinnar eru m.a. að tryggja að löggjöf um lögheimili og skráningar aðseturs samræmist þörfum og samfélagsháttum nútímans, hún sé skýr og auðskiljanleg. Nauðsynlegt er talið að samræma skráningu landsmanna, gera hana miðlæga og stuðla að því að hún verði ávallt sem réttust og fari að mestu leyti fram með rafrænni skráningu.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga eru þessi markmið góðra gjalda verð og má sérstaklega taka undir tillögu sem fram kemur í 3. mgr. 3. gr. frv. um að lögheimili skuli almennt skráð í tiltekinni íbúð, en með nýrri staðfangaskrá aukast möguleikar á mun nákvæmari skráningu en tíðkast hefur til þessa.

Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á að ferlar við skráningu lögheimilis miðist jafnframt við að lágmarka villur í skráningu. Er því fagnaðarefni að í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir því að þinglýstur eigandi fái rafræna tilkynningu um þá sem skrá lögheimili sitt í fasteign í hans eigu. Sömuleiðis lítur sambandið jákvætt á ákvæði í 16. og 17. gr. um eftirlits- og leiðréttingarhlutverk Þjóðskrár.

Brýn þörf er á að frumvarpið verði rýnt sérstaklega hvað varðar möguleg áhrif á sveitarfélög. Breytingar á löggjöf um skráningu lögheimilis geta bæði haft áhrif á tekjur og útgjöld sveitarfélaga. Þannig geta einhver sveitarfélög orðið af útsvarstekjum ef íbúar hafa aukið val um hvar þeir skrá lögheimili sitt. Jafnframt geta einhver sveitarfélög þurft að auka þjónustu sína vegna íbúa sem skrá lögheimili sitt á stöðum þar sem lögheimilisskráning er ekki heimil skv. gildandi lögum. Verður í þessu samhengi sérstaklega fjallað um 3. mgr. 3. gr. frv., um frávik frá meginreglu um lögheimilisskráningu, og 6. og 7. gr. um lögheimili hjóna og barna.

Að áliti sambandsins er hætta á því að ef frumvarpið verður að lögum muni það grafa undan skipulagshlutverki sveitarfélaga. Í aðalskipulagi hvers sveitarfélags er skilgreind landnotkun. Sú skilgreining hefur grundvallarþýðingu um hvar heimilt er að skrá varanlega búsetu, hvort sem um er að ræða svæði innan þéttbýlis eða í dreifbýli. Með breytingum á lögheimilislögum sem samþykktar voru 2006[1] og 2007[2] var sérstaklega

[1] https://www.althingi.is/altext/stjt/2006.149.html
[2] https://www.althingi.is/altext/stjt/2007.067.html

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is

skerpt á banni við skráningu lögheimilis í skilgreindri frístundabyggð og á „skilgreindu iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði og öðru svæði innan þéttbýlis sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi nema búseta sé þar heimil samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum". Jafnframt var bætt inn ákvæði um að heimila má tímabundna skráningu lögheimilis í starfsmannabústað.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða er ærið tilefni til þess að gagnrýna að sveitarfélögin áttu ekki beina aðkomu að gerð frumvarpsins. Af hálfu sambandsins er jafnframt lögð áhersla á að frekara samráð verði haft af hálfu ráðuneytisins um efni frumvarpsins áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Skráning lögheimilis í frístundabyggðum

Í 3. mgr. 4. gr. er lagt til að skráning til lögheimilis í frístundabyggð verði heimil ef fyrir liggur sérstakt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, enda séu uppfyllt skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um íbúðarhæft húsnæði og skipulag.

Að áliti sambandsins er fremur óljóst hvaða markmiði tillagan á að þjóna og liggja a.m.k. ekki fyrir upplýsingar um að sveitarstjórnir séu almennt að kalla eftir slíkri lagabreytingu. Tilefni er til þess að vísa í nefndarálit[3] félagsmálanefndar Alþingis um frumvarp sem varð að lögum nr. 149/2006, um breytingu á lögheimilislögum:

> „Tilurð þessa frumvarps er sú að í nýlegum dómi Hæstaréttar Íslands var synjun sveitarfélags á skráningu lögheimilis í frístundabyggð talin fela í sér frávik frá stjórnarskrárvörðum rétti einstaklings til að ráða búsetu sinni, sbr. 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Landið allt er samkvæmt lögum skipulagsskylt og þrátt fyrir að sveitarfélög hafi með höndum gerð skipulags virðist mega ráða af dómnum að þau hafi ekki heimild til að setja þessu frelsi einstaklinganna skorður nema á grundvelli skýrrar lagaheimildar og í þágu almannaheilla. Þar sem sveitarfélög inna af hendi margs konar þjónustu mun ótakmarkaður réttur til lögheimilisskráningar vera til þess fallinn að raska áætlunum og fjárhag þeirra og því gerir frumvarpið ráð fyrir að dvöl í skipulagðri frístundabyggð skuli ekki jafnað til lögheimilis eftir 1. janúar 2007."

Samband íslenskra sveitarfélaga veitti umsögn um umrætt frumvarp og lýsti sig sammála efni þess. Það gerðu einnig þau sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga sem tjáðu sig um frumvarpið. Fulltrúar sveitarfélaga áttu frumkvæði að lagabreytingunni og tóku jafnframt þátt í gerð frumvarps sem varð að lögum nr. 149/2006. Í skýringum við það frumvarp segir m.a. um kostnaðaráhrif fyrrgreinds dóms Hæstaréttar frá 14. apríl 2005:

> „Dómur Hæstaréttar hefur ekki enn þá leitt til mikilla breytinga á búsetu fólks hér á landi eða haft veruleg áhrif á starfsemi sveitarfélaganna. Ef slíkir flutningar fólks færast í vöxt verður á hinn bóginn að telja að áhrifin gætu orðið víðtæk. Opinber þjónusta getur til að mynda orðið dýrari og af þeim sökum gæti þurft að draga úr þjónustu þar sem tekjustofnar sveitarfélaganna eru takmarkaðir. Það er mikilvægur þáttur í sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga að þau geti innan marka laga forgangsraðað verkefnum og ákveðið útfærslu þeirrar þjónustu sem þau veita, m.a. í þeim tilgangi að nýta tekjustofna sína af hagkvæmni. Algert frjálsræði í vali á búsetu innan sveitarfélags getur þannig ekki aðeins grafið undan

[3] http://www.althingi.is/altext/133/s/0537.html

forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum heldur getur það einnig haft áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Eru slíkar afleiðingar sérstaklega nærtækar í víðfeðmum sveitarfélögum þar sem stórar sumarhúsabyggðir eru og eigendur sumarhúsa jafnvel margfalt fleiri en íbúar viðkomandi sveitarfélags. Auk þess eru aðstæður víða þannig í frístundabyggðum að erfitt er að tryggja þjónustu allt árið um kring vegna þess að aðgengi er erfitt og til dæmis er snjómokstur nánast útilokaður nema með óheyrilegum tilkostnaði."

Sú breyting sem lögð er til í 3. mgr. 4. gr. þess frumvarps sem hér er til umsagnar er ekki studd miklum rökum. Ljóst er að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki breytt afstöðu sinni á þeim rúmu tíu árum sem liðin eru frá lagabreytingunni. Tæknilegir annmarkar eru jafnframt á tillögunni, þar sem hún stangast á við grein 1.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, þar sem afdráttarlaust er tekið fram að „Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu." Í grein 6.2 í sömu reglugerð er jafnframt áréttað að „Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum." Umrædd reglugerðarákvæði byggja á skilgreiningu í 9. tl. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem hljóðar svo: *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu. Ljóst er því að ef tillagan á að ná fram að ganga þarf bæði að breyta skipulagslögum og skipulagsreglugerð. Rétt er að taka fram að Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki hlynnt því að ráðist verði í slíkar breytingar á skipulagslöggjöf.

Við þetta bætast síðan fleiri álitaefni, þ.á m. grenndarréttur þeirra sem eiga hús í frístundabyggð.

Vert er að benda á að sveitarfélög í dreifbýli sem hafa miklar tekjur af fasteignaskatti af sumarhúsabyggðum hafa sum hver ákveðið mun lægra útsvarshlutfall en sem nemur landsmeðaltali. Munur á hámarks- og lágmarksútsvari er nú rúm tvö prósentustig og má gera ráð fyrir að það geti verið freistandi fyrir eigendur frístundahúsa að óska eftir lögheimilisflutningi. Að áliti sambandsins er það ekki heppilegt að niðurstaða um lögheimilisskráningu í slíkum tilvikum ráðist eingöngu af því hvort það sveitarfélag sem óskað er eftir flutningi til sé hlynnt erindinu. Það sveitarfélög sem flutt er frá, sem í flestum tilvikum er einnig það sveitarfélag sem veitir viðkomandi einstaklingi þjónustu og þar sem atvinnutekna er aflað, hafi hins vegar ekkert um málið að segja.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða hvetur sambandið til þess að í lögheimilislögum verði áfram lagt bann við skráningu lögheimilis í frístundabyggðum.

Skráning lögheimilis í atvinnuhúsnæði

Í 3. mgr. 4. gr. frv. er einnig lagt til að skráning til lögheimilis í iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði verði heimil ef fyrir liggur sérstakt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, enda séu uppfyllt skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um íbúðarhæft húsnæði og skipulag.

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð er svohljóðandi skilgreining á íbúðarbyggð:

> *Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.*

Í skipulagsreglugerð eru nánari ákvæði um ýmis skipulagsleg atriði sem snúa að umhverfi íbúðarbyggða. Má m.a. nefna grein 5.3.2.2 og 5.3.2.3 sem fjalla um dvalar- og leiksvæði fyrir íbúa. Í grein 5.3.2.8 er fjallað um starfsemi í íbúðarbyggð:

> *Gæta skal þess að atvinnustarfsemi í íbúðarbyggð valdi sem minnstum óþægindum vegna bílaumferðar, hávaða, ljósanotkunar eða annars ónæðis og að öruggar og greiðar göngu- og hjólaleiðir séu að skólum og annarri nærþjónustu.*

Jafnframt er mikilvægt að árétta að í byggingarlöggjöf er gerður mikill greinarmunur á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Til þess að breyta húsnæði úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði þarf að afla byggingarleyfis fyrir breyttri notkun húsnæðis og þarf húsnæði þá að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis. Byggingarleyfi er að sjálfsögðu ekki veitt ef breytt nýting er ekki í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Að áliti sambandsins er orðalag í niðurlagi 3. mgr. 4. gr. frv. alltof óljóst, þ.e. orðin „...enda séu uppfyllt skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um íbúðarhæft húsnæði og skipulag". Verður að ætla að í flestum tilvikum muni koma í ljós við nánari rýni að ákvæðið breyti í raun engu varðandi réttarstöðu, þar sem lögheimilisskráning verði áfram óheimil í húsnæði sem ekki uppfyllir kröfur. Ákvæðið getur hins vegar skapað ástæðulausan þrýsting á sveitarstjórnir um að heimila skráningu þótt skilyrði séu ekki uppfyllt.

Tilefni er til þess að vísa í skýringar með frumvarpi sem varð að lögum nr. 67/2007, um breytingu á lögheimilislögum, um ástæður þess að skerpt var á banni við skráningu lögheimilis í atvinnuhúsnæði:

> „Í frumvarpinu er lagt til, í samræmi við tillögur starfshópsins, að skráning lögheimilis í húsnæði á svæði sem er skipulagt fyrir atvinnustarfsemi verði almennt óheimil, en að mati starfshópsins lýtur búseta í slíku húsnæði svipuðum rökum og nýlegt bann við búsetu í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð. Í 4. kafla skipulagsreglugerðar er þéttbýli skipt í landnotkunarflokka. Innan skipulagðs þéttbýlis getur byggð m.a. verið flokkuð í íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði og hafnarsvæði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skráning lögheimilis verði óheimil í húsnæði á svæðum fyrir atvinnustarfsemi nema með þeim undantekningum sem fram koma í skipulagsreglugerð. Þannig eru íbúðir t.d. ekki heimilar á iðnaðarsvæðum en í undantekningartilvikum er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja á hafnarsvæðum og athafnasvæðum, svo sem fyrir húsverði, í skipulagsáætlun. Þar sem aðstæður leyfa er hins vegar heimilt í skipulagsáætlun að gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum og á miðsvæðum. Munu ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, ekki standa í vegi fyrir lögheimilisskráningu í slíku húsnæði.
>
> Bann við lögheimilisskráningu mun ekki koma í veg fyrir ólögmæta búsetu í atvinnuhúsnæði, hvort sem það er á skipulögðu iðnaðar- og atvinnusvæði eða annars staðar. Með því má hins vegar að einhverju leyti hafa áhrif á þróun slíkrar búsetu og tryggja að sveitarfélög geti haldið óskertu forræði í skipulagsmálum. Önnur úrræði þurfa þó einnig að koma til og hefur starfshópurinn einkum litið til ákvæða laga um brunavarnir og byggingarreglugerðar í því sambandi."

Að áliti sambandsins eiga framangreind rök enn við. Við þessa umfjöllun má jafnframt bæta að á grundvelli reglugerðar um hollustuhætti þarf húsnæði að vera samþykkt sem íbúðarhúsnæði af byggingarfulltrúa til að leyfilegt sé að leigja það út til íbúðar. Þannig að þó að heimilt verði að skrá lögheimili í atvinnuhúsnæði væri áfram óheimilt að leigja það út til íbúðar, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um holllustuhætti m. síðari breytingum. Án frekari laga- og reglugerðarbreytinga væru það því að líkindum eingöngu eigendur atvinnuhúsnæðis sem gætu skráð sig þar með lögheimili.

Sambandið hvetur samkvæmt framansögðu til þess að í lögheimilislögum verði áfram lagt bann við skráningu lögheimilis skilgreindu iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði og öðru svæði innan þéttbýlis sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi nema búseta sé þar heimil samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Ef ákveðið verður að breyta lögunum hvað þetta varðar er hins vegar áréttað að um væri að ræða undantekningarreglu frá meginreglu 3. gr. frumvarpsins, sem bæri því að skýra þröngt.

Lögheimili óþekkt, 5. gr.

Á fundi lögfræðinga sambandsins með starfshópnum sem samdi frumvarpið var rætt um að orðin „þriggja mánaða samfelld dvöl" í 9. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr. gildandi laga, hafi skapað ákveðinn túlkunarvanda og m.a. leitt til þess að einstaklingar fái lögheimilisskráningu í sveitarfélagi þar sem þeir eiga frístundahús, þótt ekki sé heimil föst búseta í viðkomandi húsi. Viðkomandi einstaklingar eru þá skráðir óstaðsettir í hús í viðkomandi sveitarfélagi.

Slík lögheimilisskráning getur haft í för með sér skyldur fyrir sveitarfélög um að veita viðkomandi íbúum félagslega þjónustu, tryggja skólagöngu barna o.s.frv. Að áliti sambandsins er eðlilegra að í 5. gr. verði reynt að fyrirbyggja túlkunarvanda þannig að kveðið verði á um að einstaklingur sé í þessum tilvikum talinn eiga lögheimili þar sem hann var síðast skráður með lögheimili.

Lögheimili hjóna og barna, 6. og 7. gr.

Töluverð umræða hefur átt sér stað undanfarið um tvöfalda búsetu og hafa komið fram mjög ólíkar skoðanir á málefninu.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að hjón hafi lögheimili á sama stað. Í 2. málslið 1. mgr. er þó að finna mjög opna undantekningarreglu um að hjónum sé heimilt að skrá lögheimili hvort á sínum stað. Þetta er veruleg breyting frá gildandi lögum. Tilefni er til að ræða í samráðsferli hvort þessi undantekning frá meginreglu um sameiginlegt lögheimili hjóna og sambúðarfólks sé ekki of rúm. Mögulegt ætti að vera að skilyrða slíka skráningu, mögulega þannig að hún gildi tímabundið, og að heimilt verði að sækja um hana af nánar tilgreindum ástæðum, svo sem vegna atvinnu.

Spurningar hljóta líka að vakna um hvers vegna hjónum er ætlaður rýmri réttur en sambúðarfólki og hvort tilefni sé til þess að skilyrða á svipaðan hátt tímabundna heimild til þess að sambúðarfólk hafi ekki sama lögheimili.

Að áliti sambandsins er líklegt að alger opnun á að hjón þurfi ekki að eiga sama lögheimili muni með tímanum leiða til þess að ákall um tvöfalda lögheimilisskráningu barna. Slík skráning gæti haft veruleg áhrif á þjónustu og útgjöld sveitarfélaga, ekki síst í skólamálum. Hefur sambandið áður veitt umsagnir um hugmyndir um tvöfalda búsetu og skólavist barna og í meginatriðum lagst gegn slíkum hugmyndum. Er sú afstaða áréttuð í

þessari umsögn og er frekar mælt með því að slík skráning verði skilyrt, til ákveðins tíma í senn.

Í 7. gr. er lagt til að börn yngri en 18 ára skuli eiga lögheimili á tilteknum stað og ef hjón ákveða að skrá lögheimili á sitt hvorum staðnum skuli liggja fyrir ákvörðun um hjá hvoru foreldrinu lögheimili barna þeirra verði. Sambandið er sammála þessari niðurstöðu og telur mikilvægt að ganga út frá því að barn geti ekki átt tvö lögheimili.

Aðrar greinar frumvarpsins

Sambandið er sammála þeirri tillögu sem fram kemur í 1. mgr. 9. gr. að heimilt verði að skrá aðsetur innanlands vegna náms eða veikinda. Slík skráning ætti að stuðla að því að viðkomandi geti notið félagslegra réttinda, s.s. húsnæðisbóta.

Tekið hefur verið umtalsvert tillit til ábendinga sambandsins við aðrar frumvarpsgreinar, s.s. 10. gr. um námsmenn erlendis, 13. gr. um skráningu lögheimilis og tilkynningu til þinglýsts eiganda húsnæðis. Hið sama á við um 16. gr. um eftirlit Þjóðskrár og 17. gr. um leiðréttingu og málsmeðferð.

Ítrekuð er ábending um að drög að reglugerð sem sett verður á grundvelli 19. gr. verði kynnt sem fyrst og helst jafnhliða því að frumvarp verði lagt fram á Alþingi.

Bókun skipulagsmálanefndar sambandsins

Á fundi skipulagsmálanefndar sambandsins sem haldinn var 12. janúar sl. voru frumvarpsdrögin til umfjöllunar. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

> *Skipulagsmálanefnd sambandsins telur mikilvægt að drög að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur fái vandaða rýni áður en það verður lagt fram á Alþingi. Að áliti nefndarinnar er rétt að halda þeirri stefnu að notkun húsnæðis skuli vera í samræmi við skipulag. Tillögur í frumvarpinu víkja frá þeirri meginreglu, einkum varðandi skráningu lögheimilis í frístundabyggð eða iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði verði heimiluð en lagt var bann við slíkri skráningu fyrir rúmum áratug.*
>
> *Skipulagsnefndin áréttar að atvinnuhúsnæði er ekki ætlað til fastrar búsetu. Sækja þarf um leyfi fyrir breyttri notkun húsnæðis og er slíkt leyfi eingöngu veitt þegar breyting er heimil samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum. Frávik frá þeirri reglu að ekki sé heimilt að skrá búsetu í slíku húsnæði mun til lengri tíma litið grafa undan virkni skipulagsáætlana sveitarfélaga og kallar jafnframt einnig á breytingar á skipulagslöggjöf.*
>
> *Skipulagsmálanefnd er hins vegar meðvituð um að mikið er um búsetu í atvinnuhúsnæði og er mikilvægt að ríki og sveitarfélög skoði í sameiningu hvernig hægt er að tryggja sem best öryggi og réttindi fólks sem þar býr.*

Skipulagsmálanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsfólk sambandsins og verður bókunin lögð fyrir næsta fund stjórnarinnar, sem verður 26. janúar nk., til umfjöllunar.

Lokaorð

Eins og rakið er í umsögninni eru gerðar athugasemdir við nokkur atriði í frumvarpinu sem fela í sér mjög róttækar breytingar frá gildandi lögum. Verulega skortir á að farið hafi fram nægileg greining á áhrifum þeirra breytinga á sveitarfélögin. Verði frumvarpið að lögum má vænta þess að það geti haft umtalsverð áhrif á skiptingu útsvarstekna milli

sveitarfélaga. Einnig er hætta á að skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu muni aukast og útgjöld sveitarfélaga þar af leiðandi hækka.

Óskað er eftir fundi með ráðuneytinu sem fyrst til að ræða málið frekar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs